

bings Hafnarfjarðar, upp kveðnum 24. júní 1950, milli sömu aðilja, er stefnanda heimilað að læsa með lás umræddu hliði gegn því, að stefndur, Jón Erlendsson, fái afhentan til afnota lykil að lás þessum. Sá dómur var síðan staðfestur í Hæstarétti með dómi, upp kveðnum 26. jan. 1954. Af þessu sé augljóst, að vísa beri þessari kröfu stefnanda frá ex officio.

Eins og þegar er fram tekið, hefur stefnandi haldið fram, að stefndur, Jón Erlendsson, sé búinn að fyrirgera þeim rétti, er hann hafi öðlzt með tilvitnuðum dómum, og jafnframt heldur stefnandi fram, að eftir að dómur Hæstaréttar frá 10. apríl 1954 kom, séu í máli þessu svo breytt viðhorf, að stefndur, Jón Erlendsson, hafi einungis heimild til að fara þvert yfir veginn á tveimur sérstaklega tilgreindum stöðum og hafi því ekkert að gera við lykil að hliðinu.

Á þessa röksemdafærslu stefnanda verður þó ekki fallizt, og með því að þegar hefur verið dæmt í undirrættardómi frá 24. júní 1950 og staðfest með hæstarættardómi 29. janúar 1954 um þetta málsatriði, eins og það í stefnukröfu er lagt fyrir dóminn, þá ber samkv. 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa stefnulið þessum frá dómi ex officio.

Því úrskurðast:

Fyrri liður stefnukröfu stefnanda, Arons Guðbrandssonar, um að svipta stefndan, Jón Erlendsson, heimild til að hafa lykil að læsingu á nefndu hliði, vísast frá dómi ex officio.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1954.

Nr. 89/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)

gegn

Jóhanni Pétri Runólfssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárár Hæstaréttar.

Sýknað af broti á áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Þau tvö vitni, sem getur í héraðsdómi, hafa staðfest fyrir dómi, að þau hafi keypt eina áfengisflösku af stjórnaða bifreiðar, er hafi borið einkennismerkið R. 3101. Ákærði var eigandi og ökumaður bifreiðar þeirrar, sem ber þetta merki,

á þeim tíma, er hér skiptir máli. Hann hefur ætíð synjað þess að hafa selt framangreindum vitnum áfengi.

Hið eina atriði, sem ber böndin að ákærða um áfengissölu þessa, er nefnd tilgreining vitnanna á einkennismerki bifreiðar hans, þar sem téð vitni hafa lýst því, að þau geti ekki þekkt ökumann bifreiðarinnar aftur, og á annan hátt hefur ekki verið tryggð sönnun þess, að ákærði hafi verið bifreiðarstjóri sá, er vitnin áttu skiptin við. Að svo vöxnu máli þykir, gegn eindreginni neitun ákærða, viðurhlutamikið að telja fram komnar nægar sönnur fyrir sekt hans. Verður því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, er ákveðast kr. 700,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Réttarfarssekt Þorvalds Þórarinssonar hdl. fyrir ósæmileg ummæli í málsvarnarskjali, sem að nokkru eru greind í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin 500,00 krónur, sem renni í ríkissjóð og afplánist með varðhaldi 4 daga, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Pétur Runólfsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 700,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Þorvaldur Þórarinsson héraðsdómslögmaður greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1954.

Ár 1954, miðvikudaginn 3. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af fulltrúa sakadómará, Stefáni Guðjohnsen, upp kveðinn dómur í málinu nr. 139—140/1954: Ákærvaldið gegn Jóhanni Pétri Runólfssyni. En mál þetta var þingfest og dómtekið 20. janúar sl.

Málið er höfðað gegn Jóhanni Pétri Runólfssyni bifreiðarstjóra, Suðurlandsbraut 89, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 28. des. 1953, og ákærði þar ákærður „fyrir að hafa um klukkan 22.00 fimmtudaginn 19. nóv. sl. selt eina flösku af ákavíti fyrir kr. 120,00 við Suðurgötu (sic) 20 í Reykjavík, en brot þetta telst varða við 15. gr., sbr. 1. mgr. 35. gr. áfengislaga, nr. 33/1935.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er fæddur 13. janúar 1931 að Innra-Klifi í Breiðdal og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1951 23/11 Rvík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.

1953 14/9 — Áminning fyrir brot á 15. gr. lsb.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 22.00 fimmtudaginn 19. nóv. 1953 tóku lögreglumennirnir Ingi Jónsson og Ívar Hannesson á leigu bifreiðina R. 3101, en bifreiðin stóð þá við bifreiðasíma Hreyfils á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar. Lögreglumennirnir voru óeinkennisklæddir. Er þeir voru settir inn í bifreiðina, bað Ingi Jónsson bifreiðarstjórann að selja þeim félögum eina flösku af víni, og kvaðst hann skyldu gera það. Bað Ingi hann að aka að húsinu nr. 20 við Túngötu. Er bifreiðarstjórinn hafði stöðvað bílinn þar, tók hann eina heilflösku af ákavíti og seldi Inga Jónssyni hana fyrir kr. 120,00, og var Ívar Hannesson ásjáandi, er salan fór fram. Fyrir aksturinn greiddi Ingi kr. 15,00. Loks slepptu þeir bifreiðinni þarna í Túngötunni; var þá klukkan 22.10. Lögreglumennirnir rituðu sinn í hvoru lagi hjá sér, strax og þeir slepptu bifreiðinni, númer hennar svo og önnur atriði, er máli skiptu við þessa sölu, og merktu flöskuna, er þeir höfðu keypt af bifreiðarstjóranum á R. 3101.

Föstudaginn 20. nóvember gáfu þeir svo skýrslu hjá Erlingi Pálsyni yfirlögreglumanni um áfengissölu þessa.

Lögreglumenn þessir voru sendir út af örkinni til að kaupa vín af leigubílstjórum í því skyni að kæra þá síðan fyrir áfengissölu.

Fyrir dómi hafa vitnin Ívar Pétur Hannesson og Ingi Jónsson, lögregluþjónar, haldið fast við frumskýrslur sínar í málinu. Ekki treystu þeir sér til að þekkja aftur bifreiðarstjórann á R. 3101 né til að geta lýst útliti hans. Ekki gátu lögreglumennirnir heldur lýst bifreiðinni R. 3101, en annar þeirra kvaðst hafa séð hana standa á Fríkirkjuveginum fyrir framan skrifstofu dómsins, er

hann kom til yfirheyrslu, og segir, að það sé áreiðanlega sama bifreiðin sem um ræðir í skýrslu þeirra.

Vitnin segjast bæði vera fullviss um, að númer bifreiðarinnar sé rétt tilgreint í skýrslu þeirra, R. 3101, enda hafi þeir, strax er þeir slepptu bifreiðinni, skrifað hvor í sínu lagi hjá sér númerið R. 3101 og einnig merkt flöskuna sama númeri.

Lögreglumennirnir Ingi og Ívar staðfestu fyrir dómi, báðir, framburði sína með eiði.

Eigandi bifreiðarinnar R. 3101 reyndist vera ákærði í máli þessu, Jóhann Pétur Runólfsson.

Hann skýrir svo frá fyrir dómi, að hann aki bifreið sinni, R. 3101, frá bifreiðastöðinni Hreyfli hér í bæ, kveðst gera það að staðaldri, og ekki komi aðrir til greina en hann. Ákærði kveðst hafa keypt bifreið þessa 1. nóvember sl. og stundum aka henni leiguakstri fram á kvöld, sé mikið að gera.

Ákærði, sem mætti fyrir dómi 4. desember sl., telur það því rétt vera, að hann hafi verið við akstur bifreiðarinnar R. 3101 fimmtudagskvöldið 19. nóvember sl., en harðneitar því að hafa það kvöld né endranær selt áfengi. Hann kveðst ekki muna eftir atvikum þeim, er í skýrslu lögreglumanna segir, né eftir að hafa selt þar greindum lögreglumönnum flösku af ákavíti og telur ýtarlega aðspurður útilokað, að rétt sé skýrt frá atvikum í áðurgreindum skýrslum þeirra lögreglumanna.

Samprófun vitnanna og ákærða bar engan árangur.

Framburður vitnanna um skrásetningarmerki R. 3101 er ekki studdur öðrum gögnum en þeim, að rétt er, að bifreiðinni er ekið frá Hreyfli, en vitnin höfðu tekið bifreiðina á leigu við bílasíma Hreyfils við Lönguhlíð, en lítill styrkur í því, að annað vitnanna fullyrðir, eftir að hafa séð R. 3101 aftur, að það sé sú hin sama bifreið sem um ræðir í þeirra skýrslum, lögregluþjónanna. Hefði þó virzt hægurinn hjá, að vitnin hefðu sett á sig gerð og a. m. k. lit bifreiðarinnar. Þótt framburður vitnanna um skrásetningarmerki R. 3101 sé ekki studdur gögnum sem skyldi, telst þó með hinum eiðfestu framburðum vitnanna þrátt fyrir neitun ákærða nægilega sannað, að bifreiðarstjórinn á R. 3101 hafi selt vitnunum $\frac{1}{4}$ flösku af ákavíti í umrætt skipti.

Niðurstöðu þessari til stuðnings má benda á, að vitnin skrá sitt í hvoru lagi hjá sér í vasabók númer bílsins svo og á flöskuna, strax og þau slepptu bílnum, og hafa sýnt í dóminum vasabókarblað þessu til stuðnings.

Vitni þessi eru lögreglumenn. Vitnin taka bílinn við bílasíma Hreyfils, en upplýst er, að bílnum er ekið frá Hreyfli, svo og, að alkunna er, að leigubílstjórar eru almennt grunaðir um að selja áfengi.

Nú er það upplýst með framburði ákærða sjálfs, að hann hafði stundað leiguakstur kvöld það, sem vitnin áttu að hafa keypt

áfengið af bílstjóranum á R. 3101, og jafnframt, að ekki aki aðrir bílnum en ákærði. Leiðir þetta til þess, að sannað verður talið, sbr. framanskráð, að ákærði hafi selt vitnunum margumrædda áfengisflösku. Með því háttarni hefur ákærði brotið gegn 15. gr. áfengis-laga, nr. 33 frá 1935. Samkvæmt 33. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 14/1948, þykir refsing ákærða með hliðsjón af siðastnefndum lögum hæfilega ákveðin 3.000 kr. í sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 400,00.

Skipaður verjandi ákærða, Þorvaldur Þórarinsson hdl., hefur skilað málsvörn í máli þessu, lagðri fram sem dskj. nr. 6, 20. janúar 1954. Í vörn þessari hefur verjandi farið mjög út fyrir efni máls þessa og orðlengt mjög atriði, sem alls ekki varða þetta mál, og þykir því rétt að tildæma honum lægri málsvarnarlaun en ella eða eins og áður segir kr. 400,00.

Skipaður verjandi hefur og í vörn sinni í máli þessu viðhaft mjög svo ósæmileg ummæli um vitnin í máli þessu og fleiri. Á 4. bls. í 9. línu segir: „... keypt tvö mannhrök ...“ o. s. frv. Á 3. bls. í 20. línu: „... auðvelda hinum tveimur atvinnusvardagamönnum ...“ o. s. frv. Á 4. bls. í 15. línu: „... að ekki sé minnst á það þokkalega lokatakmark og yndislega fyrirheit að mega gegna þess háttar verki, á meðan starfsævin endist, undir handleiðslu hr. Erlings Pálssonar og hr. Sigurjóns Sigurðssonar ...“

Með tilliti til ofangreindra dæma svo og fjölmargra annarra ósæmilegra ummæla í vörn málsins, m. a. á 5. bls. um dómsmálaráðherra Íslands, lítur dómurinn svo á, að Þorvaldur Þórarinsson hdl. hafi með þessu unnið til réttarfarssektar samkv. 160. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og ákveðst sektin kr. 200 til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi 2 daga, verði hún eigi greidd innan tveggja vikna frá birtingu dóms þessa.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jóhann Pétur Runólfsson, greiði 3.000,00 kr. í sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði og allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 400,00.

Þorvaldur Þórarinsson hdl. greiði kr. 200,00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 2 daga, verði hún eigi greidd innan tveggja vikna frá birtingu dómsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.